



Fundargerð 13. aðalfundar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 8. desember 2025, kl. 09:00 í fundarsal SSS að Skógarbraut 945.

Mætt eru úr stjórn: Kjartan Már Kjartansson (formaður, Reykjanesbær), Fannar Jónasson (Grindavík), Magnús Stefánsson (Suðurnesjabær), Jóhann Snorri Sigurbergsson (HS Orka), Guðrún P. Ólafsdóttir (Vogar), Arnbjörn Ólafsson (Geocamp Iceland), Berglind Kristinsdóttir (SSS) og Hanna María Kristjánsdóttir (Þekkingarsetur Suðurnesja)

Í fjarfundi: Árni Sigfússon (Bláa lónið)

Starfsmenn: Daníel Einarsson, Sigrún Svafa Ólafsdóttir

Gestir: Anna Margrét Vilhjálmsdóttir (Deloitte), Helena Hauksdóttir Jacobsen (SSS), Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir (Reykjanesbær) og Þuríður Aradóttir Braun (Markaðsstofa Reykjanes)

Forföll: Engin forföll

1. Skýrsla stjórnar

Verkefnastjóri fór yfir skýrslu stjórnar sem tók til starfa á aðalfundi 24. janúar 2025. Nánar er hægt að lesa til um verkefnin í skýrslu stjórnar.

Engar frekari umræður um skýrslu stjórnar og hún samþykkt samhljóða.

2. Ársreikningur 2024

Ársreikningur 2024 lagður fram. Ársreikningur var áður lagður fram á stjórnarfund 17. nóvember og samþykktur þá.

3. Starfs- og fjárhagsáætlun

Daníel Einarsson fór yfir helstu áherslur í starfs- og fjárhagsáætlun.

Megináherslur ársins 2026:

- Sýnileiki – kynningarefni
 - Nýtt kynningarefni – jarðfræðileiðarvísir um jarðvanginn
 - Ný vefsíða
- Ljúka við innleiðingu stefnu
- Uppbygging og þróun ferðamannastaða
 - Upplýsingaskilti og öryggismál á ferðamannastöðum
 - Uppbygging og þróun ferðamannastaða. Á árinu verður sérstaklega skoðað hvernig verklagi verður háltað við þróun, rekstur og uppbyggingu ferðamannastaða
- Fræðsla – samstarf
 - Innlend og alþjóðleg samstarfsverkefni jarðvangsins á sviði fræðslu og menntunar halda áfram á árinu
 - Almyrkvi 2026 – jarðvangurinn mun vinna ákveðna verkþætti sem snýr að fræðslustarfi tengdu almyrkvanum

Upptalning þessi er ekki tæmandi listi verkefna ársins 2026.

Starfs- og fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða



4. Tilnefning stjórnar

Fundarstjóri las upp tilnefningar til stjórnar:

Kjartan Már Kjartansson f.h. Reykjanesbæjar og Helga María Finnbjörnsdóttir til vara

Guðrún P. Ólafsdóttir f.h. Sveitarfélagsins Voga og Friðrik Valdimar Árnason til vara

Magnús Stefánsson f.h. Suðurnesjabæjar og Sigursveinn Bjarni Jónsson til vara

Fannar Jónasson f.h. Grindavíkur og Jón Þórisson til vara

Arnbjörn Ólafsson, Árni Sigfússon og Jóhann Snorri Sigurbergsson f.h. annara stofnaðila og Berglind Kristinsdóttir og Hanna María Kristinsdóttir til vara.

Samþykkt samhljóða

5. Kosning endurskoðenda

Samþykkt að Deloitte ehf. endurskoði reikninga félagsins samkvæmt útboði.

6. Ákvörðun um greiðslu þóknunar til stjórnarmanna

Samþykkt að stjórn þiggi ekki laun þar til annað er ákveðið.

7. Ákvörðun um framlög til Reykjanes jarðvangs ses. 2026

Stjórn samþykkir tillögu um framlög til Reykjanes jarðvangs ses. fyrir árið 2026.

8. Önnur mál

Engin önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:09

Fundargerð ritaði: Daníel Einarsson